

# Hræringur

## Höfundar og verk þeirra

Hér eru textar úr bókum skrifuðum á tímum hræringis.

Flettu kaflanum um skáld og verk þeirra í hræringi og finndu út hvaða textar þetta eru og eftir hverja.

### Úr hvaða sögu er eftirfarandi kafli og hver er höfundurinn?

Ég teikna ekki meira. Þess í stað færi ég mig yfir á stóra auða svæðið og byrja að skrifa það sem ég sé gerast yfir augunum á mér; íkorninn fer að hreyfast. Ekki útaf blaðinu, heldur inn í dökkan pappírinn. Trén umhverfis kofann bærast. Ég skrifa, og er þegar kominn hálfur inni myndina. Þarna er hlýtt loftslag, fallett landslag, og mig langar ekki til baka. Samt veit ég að ég mun ekki staldra lengi við hjá kofanum. Ég fer lengra, ég stíg skrefið til fulls, ég er orðinn að íkorna. (62)

...

[Íkorninn] sér ekki Björgu, sem tekur blaðið og brýtur það saman hugsí á svip, gengur fram í eldhús og stingur pappírnum með strákofanum, tjörninni og hverfandi íkornanum í viðarbútsbrennarann. (62)

Ekki verður aftur snúið til hins raunverulega heims því Björg vill nota eldhúsbordið, kuðlar pappírnum saman og hendir í eldinn. Í lok sögunnar skynja sögupersónur ógn eldsins.

Íkorninn flámaði upp í hornspangargleraugun með þjötlu frá kettinum, fægði í snatri. En allt var við það sama. Myndin hvarf ekki. Hins vegar sá hann nú að til hliðar við aðra veruna stóð skrifað, skáhallt, óskýrt: ALLAN QUATERMAIN. Hann ætlaði að snúa sér að Bernharði, en sá hann hvergi, einungis bílinn, kyrran, langt niðurfrá. Eldbylgja skall á honum, þurrkaði út alla hugsun.

**Þessi saga flokkast til töfraraunsæis. Rökstyddu þessa fullyrðingu með fáeinum rökum.**

---

## Hér er annar höfundur á ferð. Hvað heitir hann?

„Fuglakonan“ úr *Reiðhjólí blinda mannsins* (1982).

Hún stendur í dyrunum og heldur búrinu hátt  
einsog ljóskeri eða bók um skotvopn

Í hárinu stirnir á gullfiska og flöskubrot  
fiðrildi situr á öðru brjóstinu  
á lærin er skrifað: Túnglið er beiskt

Hún opnar munninn og út skríður fiðraður humar  
og það er nótt og tólg er brædd í kerti

## Hér er bútur úr sögu eftir sama höfund, hvaða sögu?

Drengurinn lá kyrr. Hann lá á bakinu með fætur í sundur og hendur út frá líkamanum. Eins og x.

Vegur og hæð. Nótt.

Vegurinn lá yfir hæðina. Vegurinn var vegurinn niður á strönd og aftur til baka að þjóðveginum frá borginni. Hæðin var blindhæð. Nóttin var nótt með einni stjörnu.

Inni í höfði drengsins var lítil stúlka. Hún lá í brekkunni fyrir neðan banakringluna og gerði engil í snjóinn. Hinir krakkarnir brunuðu kringum hana á sledum og hún hætti að hreyfa hendur og fætur sundur og saman og hlustaði á hvininn þegar þau þutu hjá og snjóinn skóf yfir hana.

Skuggi steig út úr myrkrinu. Hann gekk eftir veginum upp á hæðina og hallaði sér að skiltinu. Stjarnan kviknaði. Skugginn krosslagði hendur og fætur og horfði á drenginn.

**Textar þessa höfundar flokkast til súrrealisma. Rökstyddu með fáeinum rökum þessa fullyrðingu.**

---

## Og þá er það síðasti höfundurinn. Hvað heitir hann? Úr hvaða bók er eftirfarandi texti?

Nokkrir party-statistar á ganginum. Það virðist vera regla að þegar ég fer á klósett í samkvæmi birtist Hófi þegar ég kem aftur fram. Einsog í ævintýri: Ég sturta niður og hún birtist. Genie. Hún er í síðum kjól. Með slöngulokka og áramótastrimla úr Garðabæ um hálsinn. Fyrstu hæ ársins. Og takk fyrir jólagjöfina. Ég geri grein fyrir afdrifum Mömmu og svara fyrirspurnum um jafninginn. Hófi hugsar til okkar. Það er móðir í henni. Það er tvennt sem ég fíla í konum. Mella og mamma. Ein fyrir kynlífið og hin fyrir allt hitt. Það er bara málið að það eru engar mellur á Íslandi. Ég hef aldrei farið til mellu. Reyndi það einu sinni í London en kjúklingaðist útúr því á síðustu stundu. Tilhugsunin um Mömmu affiðraði mig í dimmum gangi í Sóhó. Berglindin birtist fyrir enda hans, með spælt egg á pönnu. Og þetta var fyrir eids. Ég var meiraðsegja búinn að borga og allt. Kanski eini maðurinn í karlmannkynssögunni sem hefur borgað fyrir að sofa ekki hjá mellu. Framleiðslan þann daginni endaði í nálægum gægjuklefa. Á þunnu þili úr appelsínugulu ensku harðplasti. *To all the walls I loved before . . .* Pröstur sagði einu sinni að þetta væri „ágætt“, að fara til mellu, en „þú kyssir ekki“. Maður kyssir ekki mellur, frekar en mömmur. Þær eiga það sameiginlegt. Ekki það að það sé einhver eftirsjá í tunguföndrinu. Kossar eru fyrir kærustur. Ég hef átt tvær leiðinlegar kærustur. Mér hefur alltaf leiðst frekar að kyssa en þegar það er komið útí það að maður er farinn að horfa á sjónvarpið á meðan, þá segir maður bless. Hey. Kanski ná sér í mellumömmu? Það er engin mella í Hófi en það er mömmu-element í henni. Maður er bara búinn að setja of margar tegundir í þessa bollu. Kunningjakona, vinkona, kærasta, hjásvæfa, ásvæfa, og nú fjölskylduvinur og jólagjafagefari. Þett er orðið of ruglað. Mömmubragðið hverfandi. Ég vil eitthvað hreint og tært. Ást? Ást einsog þetta viský: Tvöfalda, sterka og dræ. Ég verð aldrei ástfanginn. Katarina.

**Fræðimenn segja höfundinn skrifa póstmóðernískan texta.**  
Rökstyddu með fáeinum sterkum rökum þessa fullyrðingu.